

# ÁRANGURSSTJÓRNUNARSAMNINGUR

## milli umhverfisráðuneytis og Mannvirkjastofnunar

### I. Tilgangur

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur umhverfisráðuneytis og Mannvirkjastofnunar við útfærslu á lögbundnu hlutverki stofnunarinnar. Tilgangurinn er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli ráðuneytisins og stofnunarinnar ásamt því að leggja grunn að áætlanagerð og mati á árangri af starfsemi hennar. Með áætlunum sem samkomulagið kveður á um er mótuð stefna til næstu ára. Þessar áætlanir eru stefnumörkun Mannvirkjastofnunar, verkefnaáætlun og rekstraráætlun.

Samningurinn breytir í engu ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri stofnunarinnar eða þeim skyldum sem stofnunin hefur samkvæmt lögum. Þá ber stjórnvaldsábyrgð ráðherra með sér að hann getur felld samninginn úr gildi ef ekki er staðið við ákvæði hans.

### II. Hlutverk Mannvirkjastofnunar.

Mannvirkjastofnun er ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra. Stofnunin starfar eftir lögum nr. 160/2010 sem tóku gildi 1. janúar 2011.

#### Verkefni Mannvirkjastofnunar samkvæmt lögum eru:

- að annast gerð leiðbeininga, verklagsreglna og skoðunarhandbóka á fagsviði stofnunarinnar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila
- að bera ábyrgð á markaðseftirliti með byggingarvörum
- að annast aðgengismál
- að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga
- að starfrækja rafrænt gagnasafn um mannvirki og mannvirkjagerð um land allt, sbr. 61. gr.
- að annast kynningu og fræðslu fyrir almenning og hagsmunaaðila
- að gefa út byggingarleyfi og annast eftirlit með þeim framkvæmdum sem falla undir 3. mgr. 9. gr.
- að standa fyrir námskeiðum til réttinda fyrir hönnuði og byggingarstjóra og veita hönnuðum, iðnmeisturum og slökkviliðsmönnum löggildingu
- að bera ábyrgð á starfrækslu Brunamálaskóla fyrir slökkviliðsmenn, þ.m.t. slökkviliðsstjóra og eldvarnaeftirlitsmenn
- að gefa út starfsleyfi til handa byggingarstjórum og skoðunarstofum sem starfa samkvæmt lögum þessum og hafa eftirlit með starfsemi þeirra
- að gefa út starfsleyfi til handa þjónustu- og eftirlitsaðilum brunavarna og samþykkja brunavarnaáætlanir sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum laga um brunavarnir
- að annast og stuðla að rannsóknum á sviði brunavarna, mannvirkjamála og manngerðs umhverfis í samvinnu við hagsmunaaðila og annast og stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál

- að annast eldvarnaeftirlit vegna mannvirkja innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka sem eru fyrirhuguð eða tilkomin vegna rannsókna og vinnslu vetniskola
- að taka þátt í starfi Staðlaráðs Íslands um gerð íslenskra og evrópskra staðla á sviði mannvirkjamála og tilnefna aðila til þátttöku í starfi Evrópusamtaka um tæknisamþykki (EOTA)
- að eiga samstarf við hliðstæðar stofnanir í nágrennalöndunum og á alþjóðavettvangi
- að vera ráðuneytinu og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um mannvirkjamál og veita umsögn um álitamál á því sviði
- önnur verkefni sem ráðherra felur stofnuninni sérstaklega.

### III. Markmið og áherslur

Stefna og markmið Mannvirkjastofnunar skulu skilgreind í skjali sem nefnist “**Stefnumörkun Mannvirkjastofnunar 2011-2014**” og verður hluti af samningi þessum. Mannvirkjastofnun skal ljúka gerð skjalsins fyrir 1. september 2011 og senda til umhverfisráðuneytis til samþykktar. Einnig skal Mannvirkjastofnun fyrir 1. desember 2011 senda umhverfisráðuneyti til samþykktar skjal er nefnist “**Verkefnaáætlun Mannvirkjastofnunar 2012**” og verður það skjal hluti af samningi þessum. Þar eru settir fram mælikvarðar sem mæla árangur verkefna stofnunarinnar. Skjal þetta mun taka breytingum árlega í samræmi við þróun þá sem leiðir af framkvæmd og eftirfylgni markmiðanna.

### IV. Ábyrgð og skyldur Mannvirkjastofnunar.

Mannvirkjastofnun skal annast þau verkefni sem stofnuninni eru falin skv. lögum og reglugerðum.

Fjármálastjórn Mannvirkjastofnunar skal vera í samræmi við verklagsreglur fjármálaráðuneytisins um framkvæmd fjárlaga, rekstur og stjórnun ríkisstofnana í A-hluta.

Stofnunin skuldbindur sig til að haga rekstri sínum þannig að útgjöld séu innan fjárheimilda og fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Mannvirkjastofnun skal gera áætlun um rekstur sinn og viðfangsefni fyrir eitt ár í senn.

Mannvirkjastofnun skal 1. desember ár hvert skila ráðuneytinu ársáætlun fyrir næsta ár sem innihaldi bæði rekstraráætlun fyrir komandi ár, verkefnaáætlun þar sem tiltekin eru markmið og mælikvarðar innan ársins á grundvelli langtímaáætlunar.

Mannvirkjastofnun skal í upphafi árs skila inn niðurstöðu verkefnaáætlunar liðins árs og gera grein fyrir hvernig stofnuninni gekk að ná þeim markmiðum sem sett voru fyrir undangengið ár.

Mannvirkjastofnun vinnur að jafni stöðu kynjanna í starfi sínu.

### V. Ábyrgð og skyldur ráðuneytis.

Umhverfisráðuneytið skal kynna Mannvirkjastofnun tímanlega nýmæli og breytingar á lögum og reglum sem varða starfsemi stofnunarinnar og hafa samráð um mat á kostnaði vegna slíkra breytinga.

Ráðuneytið leggur mat á árangur Mannvirkjastofnunar um framkvæmd þeirra verkefna sem samningurinn kveður á um. Mat þetta skal liggja fyrir eigi síðar en mánuði eftir að stofnunin hefur skilað inn gögnum fyrir undangengið ár.

Stefnt skal að því að halda árlega sérstakan fund ráðuneytisins með forstjóra um þau málefni er varða hann sérstaklega.

#### VI. Gagnkvæmar skyldur


Mikilvægt er að fjárveitingar til starfseminnar séu nægjanlegar til að stofnunin geti sinnt skyldum sínum, þróað starfsemina og búið við góða starfsaðstöðu. Í sameiningu munu samningsaðilar vinna að því að styrkja fjárhagslegan grundvöll stofnunarinnar.

#### VII. Gildistími og endurskoðun samnings

Samningurinn tekur gildi við undirritun. Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun samningsins.

Samningur þessu er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu.

Reykjavík, 13. janúar 2011.



Svandís Svavarsdóttir  
umhverfisráðherra



Björn Karlsson  
forstjóri

